




Reykjavík 2. júní, 2014

Gísli Gíslason hafnastjóri,
Tryggvagötu 17,
101 Reykjavík.



Efni: Aðalfundur í Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar sf.

Hér með er boðað til aðalfundar í Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar sf.

Í sameignarfélagssamningi fyrir Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar sf. segir meðal annars í 4. grein, Eigendafundur.

„Rétt til setu á aðal- og aukafundum eiga kjörnir aðalmenn í sveitarstjórnnum eigenda, sveitarstjórar aðildarsveitarfélaga, aðalmenn í stjórn Faxaflóahafna sf., hafnarstjóri og endurskoðandi félagsins. Sjón félagsins er heimilt að bjóða öðrum til setu á aðalfundi eigenda“

Á aðalfundinum nú skal lýsa kjöri tveggja fulltrúa frá Faxaflóahöfnum sf. og tveggja til vara. Lýst skal kjöri eins fulltrúa frá Hvalfjarðarsveit í stjórn félagsins og eins til vara, samkvæmt samþykktum félagsins. Minnt er á að fulltrúar hafi meðferðis umboð eigenda til að fara með atkvæði á aðalfundinum.

Fundurinn verður haldinn í Stjórnsýsluhúsinu í Hvalfjarðarsveit, **kl. 14:00 þann 26. júní, nk.**

Dagská er eftirfarandi.

1. Skýrsla um hag og rekstur félagsins á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir starfsárið lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar í samræmi við 6. gr.
3. Meðferð hagnaðar eða taps félagsins á rekstrarárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
5. Ákvarðanir um langtímaáætlanir félagsins.
6. Lýst kjöri stjórnar félagsins, sbr. gr. 5.1.
7. Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. gr.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru boðin upp.

Kveðja.
f.h. stjórnar.


Guðmundur Eiríksson